

Velferðarráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir

Kópavogi, 24. nóvember 2023

Efni: Þátttaka í kostnaði vegna lengri opunar á kaffistofu Samhjalpar.

Í mars 2023 kom út [skýrsla](#) sem er afrakstur samstarfs sveitarfélaga innan SSH í málafllokki fólks sem er að takast á við heimilisleysi og flóknar þjónustubarfir. Þar kom fram mikilvægi þess að hugað sé að úrræði á daginn fyrir þá einstaklinga sem að kvöld- og næturlagi nýta gistiskýlin. Þetta er sérstaklega mikilvægt yfir köldustu mánuði ársins þar sem gistiskýli opna almennt um 17.00 á daginn og loka 10.00.

Í skýrslunni kemur fram að kaffistofa Samhjalpar sé staðsett í Borgartúni 1a. Tilgangur hennar er að aðstoða fullorðna einstaklinga í neyð sem hafa ekki tök á að sjá sér fyrir mat sjálfir og veita skjól. Kaffistofan er fjölsótt af einstaklingum með flóknar þjónustubarfir. Kaffistofan er almennt opin frá kl. 10:00-14:00 alla daga ársins.

Í meðfylgjandi fylgiskjali er erindi stílað á velferðarsvið Reykjavíkurborgar þar sem lagðar eru fram tillögur að lengri opnunartíma kaffistofu Samhjalpar í desember 2023 og janúar og febrúar 2024. Gert er ráð fyrir að hún verði aukalega opin frá 14.00 til 16:30. Skv. kostnaðarmati mun lengri opnun kosta rúmar 5 milljónir. Sé kostnaðinum skipt á milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu miðað við íbúafjölda er hlutdeild Kópavogsbæjar rúmlega 800 þúsund krónur.

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Hlutfall	Hlutur sveitarfélags
Reykjavík	139.875	56,57%	2.941.640
Garðabær	18.891	7,64%	397.280
Hafnarfjörður	30.568	12,36%	642.720
Kópavogur	39.810	16,10%	837.200
Mosfellsbær	13.430	5,43%	282.360
Seltjarnarnes	4.674	1,89%	98.280
247.248	100%		5.200.000

Hlutdeild kostnaðar Kópavogsbæjar í lengri opnun kaffistofu Samhjalpar rúmast innan samþykktra fjárheimilda velferðarsviðs. Hin sveitarfélögin innan SSH hafa tekið jákvætt í erindið. Lagt er til að Kópavogsbær taki þátt í lengri opnun kaffistofunnar og tryggi þannig íbúum sínum sem eru að takast á við erfiðleika öruggt skjól.

Virðingarfyllt
f.h. velferðarsviðs,

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Verkefnastjóri velferðarsviðs



Kópavogur

Fylgiskjal 1: Erindi Samhjálpur til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

